

# Sjálfbær fram tíð veltur á álinu

Nær allir nota ál í sínu daglega lífi og oft án þess að gera sér grein fyrir því. Þannig er hlutur úr áli eða álblöndu oftast í seilingarfjarlægð.

- » Álið er notað í bíla, flugvélar, gleraugu, tölvur og síma; flestir eiga álpappír í eldhússkápnum að ógleymdri íslensku pönnukökupönnunni.
- » Álið er ákaflega léttur málmur en um leið endingagóður og álið er hægt að endurvinna endalaust. Til endurvinnslu á áli þarf 95% minni orku en þarf við frumframleiðslu þess.
- » Álið er auðvelt að móta, það er sterkt og endingagott og er náttúrulega varið gegn tæringu sem gerir það langlíf og viðhaldslítið.

Vegna þessara eiginleika er álið ákjósanlegur málmur í samgöngutæki og rafhlöður og leikur þannig eitt af titilhlutverkunum í grænu orkuskiptunum.

## Álframleiðsla á Íslandi er mikilvæg fyrir loftþjúpinn

Umhverfisjörðina er einn loftþjúpur. Koltvísýringur sem losnar í Kína hefur sömu áhrif á loftþjúpinn yfir Reykjavík og í Peking.

Hvergi í heiminum er framleitt ál með lægra kolefnisspori en á Íslandi. Þar vegur þyngst endurnýjanlega raforkan, en einnig nákvæmir framleiðsluferlar íslensku álveranna. Þess vegna er álframleiðsla á Íslandi mikilvægt framlag Íslendinga til loftslagsmála.



Ef heimsbyggðin á að ná markmiðum sínum um kolefnishlutleysi þarf áfram að framleiða ál. Það er hagstæðast fyrir loftþjúp jarðar að framleiða ál á Íslandi.

## Grunnur að orkuöryggi

Kaup álveranna á raforku tryggja íslensku orku-fyrirtækjunum rekstrarlegan stöðugleika sem skilar sér í hagstæðara verði til almennings.

Álverin greiða fyrir raforkuna og þannig fær þjóðin arð af þeirri auðlind sem býr í vatnsafla og jarðvarma landsins.

## Efnahagslegt mikilvægi

Álframleiðsla er nærri fimmtungur af þjóðartekjum og innlend kaup álveranna á vöru og þjónustu skipta verulegu máli fyrir hagkerfi Íslands.

Álverin greiða starfsfólki sínu góð laun og greiða milljarða árlega í opinber gjöld.



## Samfélagslegt mikilvægi

Álverin starfa í sátt við samfélagið. Álverin hafa blásið lífi í sitt næsta nágrenni og starfsemi álveranna hefur styrkt mikilvæga innviði landsbyggðarinnar.

Við álframleiðslu starfa 2000 manns í fjölbreyttum störfum og annað eins í afleiddum störfum.

## Það gerist ekki án áls

Í dag hefur Evrópusambandið skilgreint ál sem lykil hráefni tengt orkuskiptunum (e. critical raw material) og gera spár ráð fyrir að eftirspurn eftir áli vaxi um 3% árlega í tengslum við orkuskiptin.

Enn um sinn þarf því að frumframleiða ál og því er mikilvægt að álframleiðsla á Íslandi dragist ekki saman.